Reglur um búnað keppenda á skautahlaupsmótum

Skautasambands Íslands

2026 - 2027

Skautasamband Íslands
www.iceskate.is

Icelandic Skating Association
info@iceskate.is

1 Reglur um búnað keppenda

Á skautahlaupsmótum á Íslandi er skylda að vera með viðeigandi búnað og á skautahlaupsskautum.*

1.1 Skyldubúnaður

- Öryggishjálmur
  Athuga skal að hann sé ekki með það stórum öndunargötum að skautablað geti farið inn um þau í höfuð skautara.
- Hálshlíf
  Hægt að nota hokkí hálshlíf*
- Óbrjótanleg gleraugi með festingu utan um hjálm.*
- Hanskar
  Best er að nota skurðhelda hanska (e.cut-proof)

*SO skautarar eru undanþegnir þessum reglum NEMA hjálmur og hanskar er skylda.
Þó er eindregið mælt með að allir SO skautarar noti samskonar öryggisbúnað.

1.2 Valkvæður búnaður

- Skurðheldur galli (e. Kevlar suit) eða undirfatnaður
- Sköflungs- og hnéhlífar
- Olnbogahlífar
- Ökklahlífar eða skurðheldir sokkar (e. Kevlar socks)

Markmiðið er að, af öryggisástæðum, sé hvergi opið að húð, nema í andliti.